

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 1995

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar bar mest á sunnan og suðvestlægum og norðan og norðvestlægum áttum. Hámarkshiti mældist 6.3 stig, 12. janúar. Lágmarkshiti var –19.5 stig, 28. janúar. Meðalhiti í janúar var –4.52 stig. Meðalsnjódýpt var 63 cm., mest 95 cm., 24. janúar. Úrkomumagn í janúar var 156.7mm. Meðalvindhraði 5.5 hnútar. Mjög hvasst var 16. janúar og þrumuveður.

Í febrúar bar mest á suðlægum og norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 3.3 stig, 20. febrúar. Lágmarkshiti var –18.6 stig, 9. febrúar. Meðalhiti í febrúar var –5.20 stig. Meðalsnjódýpt var 91 cm., mest 100 cm., 25. febrúar. Úrkomumagn í febrúar var 86.7 mm. Meðalvindhraði 4.5 hnútar.

Í mars var suðvestanátt algengust. Hámarkshiti mældist 8.7 stig, 30. mars. Lágmarkshiti mældist –18.6 stig, 28. mars. Meðalhiti í mars var –3.83 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 129 cm., mest 166 cm, 19. mars, sem var mesti snjór sem mældist á árinu. Úrkoma í mars var 191.7 mm. Meðalvindhraði í mars var 6.2 hnútar. Úrkomumælir fór á kaf í snjó 17. og 18. mars og mæling því ekki marktæk.

Í apríl voru breytilegar áttir, þó mest bæri á norðanátt. Hámarkshiti 7.6 stig, 9. apríl. Lágmarkshiti mældist –11.9 stig, 21. apríl. Meðalhiti í apríl var –1.02 stig. Meðalsnjódýpt í apríl var 90 cm, mest 101 cm, 3. apríl. Úrkoma í apríl mældist 38.8mm. Meðalvindhraði í apríl 4.7 hnútar. Skógarþrestir sáuust 10. apríl. Gæsir komu 13. apríl og lóan kom 29. apríl.

Í maí voru norðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 14.9 stig, 31. maí. Lágmarkshiti mældist –7.7 stig, 14. maí. Meðalhiti í maí var 2.26 stig. Meðalsnjódýpt var 39 cm, mest 71 cm, 1. maí. Snjór var á jörðu allan maí. Úrkoma í maí mældist 46.6 mm. Meðalvindhraði í maí 3.1 hnútar. Hrossagaukur kom 1. maí. Maríuerla kom 2. maí, spói kom 4. maí og kría sást 5. maí.

Í júní voru sunnanáttir algengastar. Hámarkshiti mældist 20.0 stig, 8. júní. Lágmarkshiti mældist 0.0 stig, 3. júní. Meðalhiti í júní var 9.46 stig. Snjór mældist á jörðu fram til 17. júní, mest 30 cm, 1. júní. Úrkoma í júní mældist 16.7 mm. Meðalvindhraði í júní var 6.5 hnútar. Lerki komið með græna sliktu 8. júní og orðið alútsprungið 12. júní. Birki farið að springa út 2. júní og fullútsprungið 15. júní. Tún í Fnjóskadal algræn 18. júní og úthagi algrænn 29. júní.

Í júlí voru breytilegar áttir og nokkuð algengt að logn væri við athugun. Hámarkshiti mældist 22.2 stig, 2. júlí, sem einnig var mesti hiti, sem mældist 1995. Lágmarkshiti mældist 0.2 stig, 8. júlí. Meðalhiti í júlí var 9.36 stig. Úrkoma í júlí mældist 51.3mm. Meðalvindhraði 4.9 hnútar í júlí. 6. júlí gránaði í fjöll. Sláttur hafinn á nokkrum bæjum í Fnjóskadal.

Í ágúst voru suðlægar áttir. Hámarkshiti mældist 21.9 stig, 7. ágúst. Lágmarkshiti mældist –0.8 stig, 25. ágúst. Meðalhiti var 10.93 stig í ágúst. Úrkoma í ágúst mældist 22.3mm. Meðalvindhraði í ágúst 5.2 hnútar. Gulnun á birki orðin áberandi 30. ágúst. Sláttur langt kominn hjá bændum 20. ágúst.

Í september voru suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 17.7 stig, 11. sept. Lágmarkshiti mældist -8.6 stig, 29. sept. Meðalhiti í september var 5.40 stig. Snjór mældist í 1 dag, 23. sept., 3 cm. Úrkoma í september mældist 25.2mm. Meðalvindhraði í sept. 5.2 hnútar. Birki orðið töluvert sölnað 17. sept. og lauffall á birki töluvert 24. sept. Úthagi farinn að sölna 16. sept.

Í október var norðan og norðaustanátt algengust. Hámarkshiti mældist 7.4 stig, 5. okt. Lágmarkshiti mældist -9.4 stig, 30. okt. Meðalhiti í október var 0.91 stig. Snjór mældist frá 12. okt. Meðalsnjódýpt mældist 62 cm, mest 67 cm, 26. okt. Úrkoma í okt. var 272.8mm og mest 63.9mm, 26. okt., en mælir yfirfulltist þann sólarhring. 25.-26. okt. gekk mikið óveður yfir landið. Snjóflóð féllu víða um land þ.a.m. í Fnjóskadal og Ljósavatnsskarði og voru víða miklar skemmdir á trjágróðri og gríðingum. Meðalvindhraði í okt. 4.8 hnútar. Birki orðið lauflaust 1. okt. Lerki mikið sölnað 3. okt. Tún farin að sölna 8. okt.

Í nóvember bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 8.1 stig, 26. nóv. Lágmarkshiti í nóvember var -13.2 stig, 26. nóv. Meðalhiti í nóvember var -1.23 stig. Meðalsnjódýpt í nóvember var 44 cm, mest 46 cm, 25. nóvember. Úrkoma í nóvember mældist 37.5mm. Meðalvindhraði í nóvember 3.6 hnútar. Glitský saúst á lofti 19. nóvember.

Í desember voru suðlægar áttir ríkjandi fram í lok mánaðarins, en þá kom mikill frostakafl. Hámarkshiti mældist 11.0 stig, 2. desember. Lágmarkshiti mældist -21.5 stig, 27. desember, sem var mesta frost sem mældist 1995. Meðalhiti í desember var -4.09 stig. Meðalsnjódýpt í desember var 42 cm, mest 42 cm, 1. desember. Úrkoma í desember var 30.2mm. Meðalvindhraði í desember 5.2 hnútar.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2000

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-4.52	(-4.4)	156,7	(137.8)
Febrúar	-5.20	(-2.0)	86.6	(28.8)
Mars	-3.83	(-3.5)	191.7	(67.4)
Apríl	-1.02	(-0.5)	38.8	(72.4)
Maí	2.26	(5.6)	46.6	(19.0)
Júní	9.46	(6.9)	16.7	(46.1)
Júlí	9.36	(12.3)	51.3	(39.2)
Ágúst	10.93	(10.1)	22.3	(41.7)
Sept.	5.40	(4.3)	25.2	(18.6)
Okt.	0.91	(0.0)	272.8	(110.6)
Nóv.	-1.23	(-0.3)	37.5	(91.8)
Des.	-4.09	(-3.1)	30.2	(130.1)
	1.54	(2.12)	976.4	(803.5)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1994

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – september var 8.79 stig, en var 8.40 stig sömu mánuði 1994.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

10.5	-4.6	17.5	-1.1	8.7	-1.3
11.5	-7.2	18.5	-1.8	14.7	-0.2
12.5	-4.3	19.5	-6.3	19.8	-0.1
13.5	-1.1	20.5	-0.3	25.8	-1.9
14.5	-8.4	2.6	-1.1	4.9	-1.7
15.5	-7.6	3.6	-0.1	6.9	-1.9
16.5	-4.2	2.7	-0.9	12.9	-0.2

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

8.6	20.0
2.7	22.2
21.8	21.9

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki komið á stað 2. júní, farinn að sjást grænn litur á því 8. júní, hálfútsprungið 12. júní og allaufgað 15. júní. Lerki var komið með græna sliktu 8. júní, talið hálfútsprungið 9. júní og algrænt 12. júní. Gulnun á birki orðin áberandi 30. ágúst, lauffall mikið 24. september og orðið að mestu lauflaust 1. október. Gulnun á lerki orðin áberandi 3. október.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var góður þetta ár á flestöllum trjátegundum.

2.3. Fræfall

Fræfall var mjög mikið á birki þetta ár. Safnað var mikið af birkifræi og er til fræ víða að á Norðurlandi. Safnað var um 11 kg. í Vaglaskógi, þar af var safnað af börnum úr Stórutjarnarskóla ca. 5.4 kg., og safnað var tæpum 2 kg. í Þórðarstaðaskógi. Einnig er til fræ úr Reykjarhóli í Skagafirði. Tölur yfir fræ annars staðar frá eru ekki tiltækar, en vitað er að víða var safnað fræi.

2.4. Skaðar

Skaðar komu víða fram á trjám og runnum, sem rekja má til haustfrosta 1994. Mikið toppkal kom fram í greni og fjallaþin. Mikil afföll urðu á söluplöntum vegna rôtarkals, sérstaklega garðplöntum. Veturinn 1994-95 var snjópungur og fylgdu því skaðar á trjágróðri. Skaðar urðu miklir í bleytuhríð, sem gerði í endaðan september. Brot á birki og sligun og brot á stafafuru voru mest áberandi. Mikið veður gekk yfir landið 25. október og féllu víða snjóflóð á Vestfjörðum og Norðurlandi. Mörg snjóflóð féllu í Fnjóskadal og Ljósavatnsskarði og varð víða eignatjón og skaðar í skóglendum meðal annars í Þórðarstaðaskógi, þar sem féllu mörg snjóflóð og eyðulögðu bæði birkiskóg og greniskóg. Fjárskaðar urðu víða í sveitum Norðurlands.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðustu ár. Ráðskona var Valgerður Jónsdóttir frá Akureyri. Verkstjórar voru eins og áður Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf. Kristján Jónsson, sem verið hefur fastur starfsmaður undanfarin ár, veiktist síðastliðið vor og hefur verið frá vinnu síðan, en vonandi nær hann sér þannig að hann geti hafið störf að nýju sem fyrst. Ennfremur hætti störfum Valgeir Davíðsson, sem verið hefur fastur starfsmaður síðustu ár. Ekki voru ráðnir aðrir fastir starfsmenn í stað þessarra manna. Aðrir fastir starfsmenn eru Benedikt Karlsson, Ingimundur Gunnarsson, Jóhannes Gíslason, Sigurpáll Jónsson og Guðrún Jónsdóttir, sem vinnur í gróðrarstöð og annast veðurathuganir. Annað starfsfólk var að mestu fólk úr nærliggjandi sveitum. Valgeir Davíðsson, sem búið hefur á Vöglum 1 síðustu ár, flutti burt og Sigurpáll Jónsson kom í staðinn með fjölskyldu sína. Starfsmenn voru 24 á launaskrá þegar mest var.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 17.005.294, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 2.352.496. Dagpeningar 88.850. Akstur kr. 359.532 og ASÍ laun kr. 14.204.416.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var töluvert þetta ár og aðeins gert við það alnauðsynlegasta. Mest var viðhald á Þórðarstaðagirðingu, Sandhauga- og Mela- og Skuggabjargagirðingu. Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 566.790, samtals 1.067 vinnustundir.

Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 78.331, samtals 142 vinnustundir, þar af mest v/Þórðarstaðagirðingar kr. 53.266, alls 96 vinnustundir.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á þessu ári.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg fór mest fram í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og brekkum norðan í Hálsmelum, þar sem hreinsuð voru snjóbrott. Í Kristnesi var hreinsað til og söguð brotin tré og einnig í Reykjarhóli. Í Vaglaskógi fór skógarhöggið fram víða um skóginn og lítilsháttar var fellt af birki ofan af greni í reit 312. Í Þórðarstaðaskógi var grisjað frá greni og skógarfuru, sunnan við tilraunareit með stafafuru.

Felldur viður:

Birki	ca.	100 tonn
Lerki	ca.	4 tonn
Annað	ca.	1 tonn

5.1.1. Sala girðingarstaura

Seldir voru 4 staurar, 5 fet.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	2133	pk
Arinviður litlir	424	pk
Smíðaviður	251.9	m
Reykingarviður	1500	kg
Birkikurl/Flís	2725	kg
Plattar	4553	stk
Beðkurl (grisjupokar)	20.5	pk

5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	499	pk
Arinviður litlir	39	pk
Arinviður óunnið	ca. 11	tonn
Smíðaviður birki	270	m
Birkikurl/Flís	875	kg
Plattar birki	1130	stk
Plattar lerki	1249	stk
Staurar 5 fet	365	stk
Staurar 6 fet	461	stk

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2.685 og laun og launatengd gjöld kr. 1.545.108.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 1. nóvember. Kominn var töluverður snjór og því ekki talið ráðlegt að draga það öllu lengur. Reyndin varð þó sú að tíðarfar var mjög gott fram að jólum, þó mikið frost væri síðustu daga fyrir jól. Alls voru felld 1204 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Fellsskógur	532		85	157	774
Vaglaskógur	145	2		1	148
Þórðarstaðaskógur	62				62
Kristnes			20		20
Vaglir Þelamörk	14	60			74
Ásbyrgi	47		1		48
Reykjahóll	14	48	16		78
Alls	814	110	122	158	1.204

Flutt voru úr Skorradal 60 rauðgreni og frá Selfossi 80 rauðgreni norður í Vagli og þeim dreift til viðskiptavina þaðan. Ennfremur var pöntun á jólatrjám frá Blönduósi afgreidd beint úr Skorradal. Lítlsháttar var keypt af erlendum greinum. Af felldum og aðfluttum jólatrjám seldust 1270 tré. Önnur fóru til starfsmanna og í frákast, sem var töluvert vegna þess hve farið var niður í gæðum við höggið. Selja hefði mátt fleiri íslensk jólatré, þá sérstaklega rauðgreni, ef þau hefðu verið til.

Seld tré

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
070-100	85	10	20	6	121
101-125	223	34	31	28	316
126-150	280	26	31	37	374
151-175	194	16	25	24	259
176-200	100	4	9	6	119
201-250	36	1	4	15	56
251-300	6	1	1	2	10
301-400	8		1	1	10
401-500	1				1
501-600	4				4
Alls	937	92	122	119	1,270

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina kr. 566.772, alls 931 vinnustund. Annar kostnaður kr. 54.551, alls kr. 621.323.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	1.648.070	136.932	1.511.138
Innfl. og ísl. greinar	86.013	41.165	44.848
Alls	1.734.083	178.097	1.555.986

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáð var rússalerki Imatra, stafafuru, sitkabastarð, blágreni, sitkagreni og rauðgreni í hús nr. 1, sem er upphitað, 31. maí og 1. júní og rússalerki Vendenga í lítið dúkhús, 1. júní. Birki og sitkaelri var sáð í lítið dúkhús, 10. júní. Blágreni, fjallapínur og rauðgreni var dreifsáð í beð inn í lítið dúkhús 1. júní, alls 25 m². Mikil vinna var við prikkun og grisjun, sérstaklega á rússalerki Imatra, sem spíraði mjög illa, en rússalerki Vendenga spíraði mjög vel og var grisjað og prikklað í marga aukabakka. Blágreni, rauðgreni, rússalerki, sitkabastarð, sitkagreni og stafafuru var sáð í FP40, alls 3.206 bakka. Birki og sitkaelri var sáð í FP60, alls 744 bakka. Fjallapín sem sáð var í sáðbakka á Hallormsstað, var prikklað í FP35, alls 156 bakka.

6.2. Dreifsetning

Stungið var 15.169 græðlingum í beð og 47.313 í FP35 bakka.

6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2,271,721 og afhentir styrkir fyrir kr. 46,488. Garðplöntur í eigin skóglendi kr. 35,542. Stungið var 4.405 sumargræðlingum og pottaðar voru 5.068 plöntur. Seldar og afhentar voru 19.182 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 75.652 plöntur 1996.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 238.339 skógarplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	1.442.670
Millif. og styrkir	1.380.292
Afh. í eigin skóglendi	810.692
Nytjaskógar	2.049.144
Alls	5.682.798

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð í gróðrarstöðvunum og síðustu ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Nýframkvæmdir voru engar í gróðrarstöðvum á árinu, aðeins lagfærð aðstaða fyrir bakka- og pottaplöntur.

6.8. Kostnaður Laugabrekka

	Kr.	Vinnust.
Plöntuuppeldi almennt	360.266	645
Fjölþottaplöntur	267.183	475
Garðplöntur	529.908	981
Alls	1.157.357	2.101

Vaglir

Plöntuuppeldi almennt	106.235	174
Verkstjórn	622.864	999
Frídagavaktir	165.328	149
Ræktunarbúnaður	29.815	55
Jarðarbætur	5.816	10
Skógarplöntur almennt	1.454	4
Sáning skógplantna	9.023	19
Uppt., meðf., afgr. skógplantna	103.545	224
Fjölþottar almennt	88.064	172
Moldarfylling	179.401	330
Sáning fjölþotta	81.646	170
Grisjun fjölþottar	276.450	582
Umhirða fjölþottar	538.567	1125
Afh. fjölþotta	68.642	128
Vetrarumbúnaður fjölþotta	96.217	164
Viðargræðingar	166.450	367
Garðplöntur alm	21.461	40
Stiklingar útiræktun	11.250	22
Stiklingar inniræktun	65.955	115
Garðplöntur beðplöntur	72.786	159
Garðplöntur þottaplöntur	812.835	1577
Hnausplöntur	879	2
Sala garðpl.	159.852	233
Vetrarumbúnaður garðpl.	31.361	28
Alls	3.715.896	6.848
Samtals Laugabrekka og Vaglir	4.873.253	8.949

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Grundarreitur	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	300	sunnan
	Stafafura	1/0	Tuthsi Lake	930003	160	við gamla 460 reit
Hálsmelar	Lúpína		FP35		665	
	Runnafura	3/0	Magadan	910011	20	685
Hálsmelar v/leiga	Alaskavíðir		brúnn		15	presti
	Lerki		hnaus		9	afh. þessar
	Blágreni		hnaus		2	plöntur
	Stafafura		hnaus		2	28
Reykjarhóll	Alaskaösp	1/0	FP35		35	
	Birki	1/0	Freyshólar	920025	230	
	Birki	2/0	Þórðarst	910036	600	
	Blágreni	2/0	Blue joint	920020	420	
	Hvítgreni	3/0	Homer	920006	55	
	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	490	
	Rússalerki	2/0	Kärkölä	930024	450	
	Sitkagreni	3/0	Seward	910004	370	
	Sitkaöflur	2/0	Skagway	930015	50	2700
Reykjarhóll v/heitt vatn	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	500	
Vaglaskógur	Fjallapínur	3/0	Kootenai	910006	805	309
Vaglaskógur v/útvistarvæði	Goðareynir		pottar		48	Flata- gerði
Vagfir Þelam.	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	9180	❖
	Rússalerki	2/0	Kärkölä	930024	2000	❖
	Stafafura	1/0	Tuthsi lake	930003	3960	❖
	Stafafura	2/0	Skagway	910003	5760	❖
				20900		
Þórðarstaðask.	Fjallapínur	3/0	Kootenai	910006	1059	
	Fjallapínur	3/4	Ethel lake	880028	2500	3559
				Alls	29685	

- ❖ Rússalerki Lassinmaa fór í reiti 404A-400-415-424-422-420-436-433
- ❖ Rússalerki Kärkölä fór í reiti 406-404A-400-398
- ❖ Stafafura Tuthsi lake fór í reiti 422-420-436-433
- ❖ Stafafura Skagway fór í reiti 406-404-400-398-415-424

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 224,272, alls 484 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við grisjun og hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Grundarreitur	9 tímar	kr.	5.239
Kristnes	94 “	“	50.924
Reykjarhóll	347 “	“	187.414
Vaglaskógur	12 “	“	13.162
Vaglir Þelamörk	69 “	“	43.737

9. BYGGINGAR

Gert var við verkstæðisaðstöðu í skemmu, skipt um langbönd í veggjum og þeir málaðir. Í starfsmannabústað á Furuvöllum var sett upp vifta í eldhúsi og gerður útgangur úr svefnherbergisálm. Þetta var gert að kröfu vinneftirlits. Eldur kom upp í íbúðarhúsinu Skógarstíg 6, Varmahlíð, 21. maí, og urðu skemmdir á efri hæð nokkuð miklar, einkum í eldhúsi, þar sem eldurinn kom upp. Samið var við Trésmiðjuna Borg á Sauðárkrók um lagfæringar og tóku þeir verkið að sér að öllu leiti. Tryggingar greiddu mestallan kostnað við endurbætur. Skipt var um miðstöðvarketil í skógarvarðarbústað, sem staðið hefur til í mörg ár. Lagfært var baðherbergi í íbúðarhúsi á Þórðarstöðum og settur upp nýr heitavatnskútur. Miklar endurbætur voru gerðar á íbúðarhúsi í Ásbyrgi og var það að mestu framkvæmt af leigutaka skv. leigusamningi. Skógræktin lagði aðeins til vinnu við endurnýjun á þaki. Annað sem gert var við byggingar var aðeins venjulegt viðhald.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla, tækja og bifreiða var í lágmarki þetta ár. Aðeins eðlilegt viðhald.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM
Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi.

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi
Skagafjörður					
Egilsá	Alaskaösp	1/0			600
	Birki	2/0	Þórðarst.	910036	200
	Hvítgreni	4/0	Anchorage	880031	1.804
	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	871
	Stafafura	2/0	Skagway	910003	3.388
					6.863
Kúskerpi	Birki	2/0	Þórðarst.	910036	350
	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	9.655
					10.005
Silfrastaðir	Alaskaösp	1/0			6.211
	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	2.350
	Sitkagreni	2/0	Tumast.	910035	1.062
	Stafafura	2/0	Skagway	910003	2.500
					12.123
S-Ping					
Breiðamýri	Stafafura	2/0	Skagway	910003	2.000
Breiðanes	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	1.373
	Stafafura	2/0	Skagway	910003	500
					1.873
Hrafnsstaðir	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	4.717
Jódísarstaðir	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	6.000
Kárhóll	Birki	1/0	Freyshólar	920025	1.508
	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	10.242
					11.750
Laugaból	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	1.759
	Sitkagreni	2/0	Tumast.	910035	105
					1.864
Laugafell	Sitkagreni	2/0	Tumast.	910035	500
	Stafafura	1/0	Tuthsi lake	930003	500
					1.000
Narfastaðir	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	930031	12.100
					70.295
			Alls		70.295

Nytjaskógrækt var með svipuðum hætti á Norðurlandi og síðustu ár nema hvað skógarvörður lét af formennsku í nytjaskóganefndunum þremur og við tók skógræktarráðunautur, Brynjar Skúlason, skv. ákvörðun yfirstjórnar. Læt ég því Brynjari eftir að skýra frá framkvæmdum við nytjaskógrækt árið 1995.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Ferðalög skógarvarðar voru með minnsta móti þetta ár. Starfsmenn fóru ásamt starfsmönnum á Hallormsstað í ferðalag um Vestur- og Suðurland í lok september, og heimsóttu skógræktarstöðvarnar á Hreðavatni, Skorradal, Mógilsá, Selfossi og Tumastöðum. Komið var við hjá Skógræktarfélagið Reykjavíkur og Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti. Ferðast var um skóglendi og gróðrarstöðvar og starfsemin skoðuð og tók ferðin alls 4 daga. Ferð þessi tókst mjög vel að mínum dómi, og vil ég leggja til að ferðir líkar þessari verði fastur liður á nokkurra ára fresti, til að auka samskipti og samstarf almennra starfsmanna stofnunarinnar.

Skógarvörður fór á véla- og tækjasýninguna SkogsElmia í Svíþjóð í byrjun júní, ásamt Rúnari Ísleifssyni og Skúla Björnssyni frá Skógrækt ríkisins og Jóhanni Þórhallssyni frá Héraðsskógum. Ferðin var mjög fróðleg, en ég vísa í sameinginlega skýrslu, sem þátttakendur gerðu um ferðina sem fylgir hér með. Skógarvörður sat nokkra samráðsfundi með yfirstjórn, aðallega um fjármál og endurskipulagningu gróðrarstöðva S.r.. Ennfremur fund deildarstjóra og skógræktarráðunauta, sem haldinn var á haustdögum í Reykjavík. Skógarvörður fór á aðalfund Skf. Íslands, sem haldinn var á Egilsstöðum, aðalfund Skf. Eyfirðinga, sem haldinn var á Akureyri og aðalfund Skf. S-Þing., sem haldinn var á Laugum. Starfsmenn frá S.r. Vöglum aðstoðuðu Skf. S-Þing. við undirbúning og framkvæmd við skógræktardag í Fossselsskógi 12. ágúst.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var svipaður og síðustu ár á tjaldsvæðunum í Vaglaskógi. Tjaldstæðin voru opnuð um 20. júní, sem er í seinna lagi, vegna þess hve voraði seint og hve mikill snjór og bleyta var í skóginum fram eftir júnímánuði. Fjöldi ferðamanna í öðrum skógum en Vaglaskógi fer vaxandi og er það af hinu góða. Umferð að Vaglaskógi truflaðist nokkuð vegna þess að brúin á Fnjóská við Hróarsstaði, féll af öðrum stólpanum í miklum flóðum 12. júní. Vegurinn um Hálsmela var nokkuð bættur, og var sæmilegur yfirferðar. Brúin var ekki reist aftur fyrr en á haustdögum og verður vonandi á réttum stað það sem eftir er. Unnið hefur verið að því að koma upp bráðabirgðar þjónustuhúsi á þjónustuplani móts við nýju brúna nú í haust í samvinnu við Hálshrepp. Verslunarmannahelgin var frekar róleg og var hún svipuð og venjuleg helgi í skóginum og umgengni góð og allir því ánægðir. Þakka má það aukinn gæslu um helgar síðustu tvö ár.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 10,046, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,354, í júlí 4,852 og í ágúst 3,840.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 1,844,912. Laun og launatengd gjöld kr. 913,813, alls 1,238 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 669,322.

12.4. Annað

Skógardagur var í Vaglaskógi 2. júní og tókst hann mjög vel. 700-800 manns þáðu upplýsingar og fræðslu ýmiskonar auk þess sem boðið var upp á ketilkaffi úti í skógi og skógarálfurinn mætti börnum, sem fóru í ævintýraferð undir stjórn góðra kvenna úr Hálshrepp. Auk þess var farið í gönguferðir með leiðsögn um skóginn.

Reykjarhólsskógur í Varmahlíð var opnaður formlega 8. júlí. Ýmsir góðir gestir komu í heimsókn, þar á meðal sveitarstjórnarmenn, skógræktarfolk, skógræktarstjóri, fagmálastjóri auk fyrrverandi skógræktarstjóra, Sigurðar Blöndal, sem fór með fólk í gönguferð um skóginn, sagði frá sögu hans og lýsti trjátegundum á gönguleið, þar sem helstu trjátegundir höfðum verið merktar. Skógarálfurinn kom í heimsókn og gladdi börnin og boðið var upp á veitingar í boði Skeljungs. Báðir þessir dagar voru haldnir í samstarfi við verkefnið “Skógrækt með Skeljungi” og aðstoðaði Ólafur Oddsson okkur við undirbúning þeirra. Stjórn Skf. Íslands kom við í Reykjarhól að kvöldi 7. júlí á leið til Akureyrar og skoðaði skóginn undir leiðsögn Sigurðar Blöndal. Eflaust er hér margt ótalið, sem hefði átt að vera með en ég læt þetta nægja. Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki fyrir góða samvinnu árið 1995.

27. febrúar 1996

Sigurður Skúlason, skógarvörður

Meðfylgjandi:

Yfirlit frá Veðurstofu Íslands fyrir Vaglaskóg

Ferðaskýrsla yfir SkogsElmia

Greinargerð frá Ferðamálaráði Íslands v/þjónustumiðstöðvar

Yfirlit frá tjaldverði í Vaglaskógi